



Kennarar:	Eyrún Björg Magnúsdóttir (EBM) og Eva Dögg Jafetsdóttir (EDJ)
-----------	---

Áfangalýsing:

Grunnáfangi í kynjafræði. Í áfanganum kynnast nemendur kenningum og hugtökum tengdum kynjafræði, jafnrétti, lýðræði, mannréttindum og sjálfsmynd. Teknar eru fyrir birtingamyndir og staðalmyndir kynjanna í fortíð og nútíð og mikilvægi jafnræðis meðal borgara í lýðræðissamfélögum nútímans. Farið er yfir sögu jafnréttisbaráttunnar og aðaláherslum hvernar bylgju. Fjallað er um stöðu kynjanna á hinum ýmsu sviðum samfélagsins, greint hvort staðan sé ójöfn og hvort þörf sé fyrir breytingar. Fjallað er um kynjaðar hugmyndir og orðnotkun og tvíkynhyggju. Farið er ofan í tengsl sjálfsmyndar við viðhorf til staðalmynda kynjanna. Nemendur fá þjálfun í að beita kynjagleraugum á mismunandi málefni samfélags.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallarhugtökum kynjafræðinnar,
- stöðu og viðhorfum til kynjanna í samfélaginu,
- sögu jafnréttisbaráttunnar,
- stöðu og réttindabaráttu ýmissa jaðarhópa hér heima og erlendis,
- áhrif sjálfsmyndar á viðhorf.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita hugtökunum; kynjagleraugu, jafnrétti, lýðræði, mannréttindi og sjálfsmynd í ræðu og riti,
- taka þátt í umræðum um algeng álitamál sem tilheyra kynjafræðinni
- greina stöðu og staðalmyndir kynjanna úr fjölbreyttum miðlum og sviðum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- líta á samfélagið út frá sjónarhorni kyns og kynferðis með gagnrýnum augum
- mynda sér skoðun og gera grein fyrir henni með tilliti til kenninga kynjafræðinnar og hugtaka hennar
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg álitamál

Námsmat:

Símat jafnt og þétt yfir önnina. Sjá nánar neðst á næstu síðu.

Námsefni:

Kynjafræði fyrir byrjendur – raðbók <https://kynjafrædi.vefbok.forlagid.is/>, annað frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
15.-19.jan	Hvað er kynjafræði og hvers vegna. Grunnhugmyndir. Kynjað tungumál.	Verkefni
20. – 26. jan	Samskipti, mörk, kynhlutverk. Eðlishyggja og félagsleg mótunarhyggja	Verkefni Tímapróf
27. jan – 9. feb	Normalísing ofbeldis, minnihlutahópar, réttindabaráttur, hvað hefur áunnist?	Verkefni
10. feb – 2. mars	Karlafræði og hinsegin fræði	Verkefni Tímapróf
2. – 19. mars	Málstofur/hlaðvörp/kynningar – nemendur skipuleggja efni í samráði við kennara	Verkefni
24. – 30.mars	Kynin og miðlar Birtingarmyndir og framsetning	Verkefni Tímapróf
31. mars – 27. apríl	Kynlífsmenning, kynfrelsi, og kynbundið ofbeldi	Valið viðfangsefni
28. apríl – 12. maí	Unnið í lokaverkefni – einstaklings/para	Lokaverkefni
13. – 15. maí	Skraftími -	Takk fyrir önnina

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Tíma/lotuverkefni	Stutt verkefni og lotupróf	60%
Lokaverkefni	Lokaverkefni – einstaklings/para	20%
Þátttaka	Þátttaka í tímum, umræða og virkni.	20%

Sérreglur áfangans:

- a. Ekki er ætlast til að snjalltæki séu notuð til afþreyinga og **bannað er að taka upp hljóð og mynd í stofunni** nema með leyfi. Ef snjalltæki eru notuð öðruvísi en með samþykki kennara getur það þýtt F fyrir kennslustundina.
- b. Gert er ráð fyrir að nemandi skili öllum verkefnum. Skil, virkni og mæting er hluti af lokaeinkunn. Nemendur verða að ná að lágmarki 4,5 að meðaltali í lotu/kaflaprófum. Verkefnaskil geta aðeins bæst ofan á þá einkunn. Sein skil á verkefnum lækka einkunn.
- c. Þau sem eiga rétt á samning eða eru með einhvers konar samþykkt frávík frá mætingu verða samt að bera ábyrgð á eigin námi í samræmi við kröfur áfangans.
- d. Kennari má ekki gefa leyfi í tíma. Einungis er í boði að fá D ef að tíminn framundan er hugsaður sem verkefnavinna og nemandi hefur þegar skilað því verkefni.
- e. Gervigreind: Nemendur skulu tala við kennara ef þeir ætla að nýta gervigreind í verkefnavinnu. Skýrar heimildir eru hjá háskólum um notkun gervigreindar og félagsvísindadeildin styðst við þær sem ramma.
 - i. Í fyrsta lagi þarf að vísa í gervigreindina sem heimild, alveg sama hversu lítið verkefnið er. Ef hún er notuð þarf að vísa í hana.
 - ii. Það þarf að fylgja með skjáskot af bæði spurningunni/skipuninni sem gervigreindin fékk, svarinu sem nemandi fékk og svo í framhaldi textann sem nemandi vann upp úr svarinu.
 - iii. Kennari áskilur sér rétt til að óska eftir munnlegri skýringu frá nemanda ef notkun gervigreindar stenst ekki þessi viðmið, nemandi þarf að geta sýnt fram á samtalið við gervigreindina sé þess óskað. Ef það er ekki hægt þegar þess er óskað þá hefur kennari rétt á að gefa 0 fyrir tiltekin skil.
 - iv. Kennari áskilur sér líka rétt til að draga niður fyrir verkefnaskil þar sem grunur er á notkun gervigreindar en ekki farið eftir þessum viðmiðum.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

EBM – eyrun@fsu.is , EDJ – evadogg@fsu.is Fsu 14.1.25